



SIÐAREGLUR GOLFDÓMARA

Siðareglur þessar eru settar með vísun í reglugerð um dómara nefnd GSI en í 2. mgr. hennar er tilgreint m.a. hlutverk nefndarinnar að „setja reglur og viðhalda þeim um störf dómara“.

1. Kynntu þér og tileinkaðu þær siðareglur sem hér er að finna. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspegla viðhorf þitt til grundvallarregla golfsins og markmiða GSI.
2. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnmálaskoðanir.
3. Ef þú verður vitni að kynferðislegri áreitni eða ofbeldi við störf þín sem dómari skaltu tilkynna það til viðeigandi aðila. (*Sjá verklag í handbók dómara*)
4. Sýndu leikmönnum, kylfubrum og öðrum sem koma að golfleiknum virðingu.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Taktu ávallt ábyrgð á ákvörðunum þínum.
7. Vertu til fyrirmyndar í framkomu og hegðun og mættu tímanlega á öll þau golfmót sem þú hefur verið skipaður á.
8. Gættu að vandvirkni, heiðarleika og samviskusemi í starfi sem dómari og að orð og athæfi samrýmist starfi og umhverfi, stað og stund.
9. Leitaðu þekkingar og fylgstu með þróun golfreglanna.
10. Forðastu notkun niðrandi ummæla, upphrópana og blótsyrða í tengslum við íþróttina.
11. Misnotaðu aldrei stöðu þína sem dómari.

Golfdómurum ber ekki að líta á að framangreindar reglur séu tæmandi um skyldur dómara. Upp geta komið tilvik sem reglur þessar ná ekki yfir með beinum hætti. Dómurum er bent á að leysa úr slíkum málum með hagsmuni golfleiksins í huga, á þann hátt bestan er samviska þeirra býður þeim.